



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

Sent 2. september 2019

ANNAR HLUTI

Kæra nr. 78004/17
Ólafur ÓLAFSSON
gegn Íslandi
fært 14. júlí 2017

EFNI MÁLSINS

Kæran varðar málsmeðferð Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) við skoðun á aðkomu tiltekins þýsks banka sem fjárfestis þegar íslensk stjórnvöld, árið 2003, höfðu selt 45,8% hlut sinn í Búnaðarbanka Íslands.

Kærandi var gert að gefa skýrslu sem vitni þrátt fyrir mótmæli hans og staðhæfingu um að rannsókninni hafi í raun verið beint að hlutverki hans í viðskiptunum, og að þess vegna ætti að líta á málsmeðferð RNA sem sakamál á hendur honum.

RNA birti skýrslu sína 29. mars 2017, en niðurstöður hennar líta meðal annars að því að hópur fjárfesta hafi, að undirlagi kærandi, stofnað til leynilegra baksamninga til þess að fela raunverulegt eignarhald hlutabréfanna sem þýski bankinn var sagður eiga. Raunverulegir eigendur hlutanna, gegnum aflandsfélög, hafi verið kærandi og aðrir. Með þessu hafi þýski bankinn verið varinn fjárhagslegri áhættu. Merking hugtaksins „blekking“ í íslensku lagamáli var útskýrð og sagði RNA meðal annars:

„... íslensk stjórnvöld voru blekkt um aðkomu [þýska bankans] ... skýrslan varpar skýru og ótvíræðu ljósi á hverjir stóðu að þeirri blekkingu, komu henni fram og héldu svo við æ síðan, ýmist með því að leyna vitneskju sinni um raunverulega aðkomu bankans eða halda öðru fram gegn betri vitund.“

RNA benti einnig á að öll meint refsiverð háttsemi væri fyrnd.

Sama dag veittu fulltrúar RNA sjónvarpsviðtal og héldu blaðamannafund þar sem niðurstaða rannsóknarinnar var kynnt.

Kærandi bendir á að málsmeðferð RNA hafi í reynd (*de facto*) verið sakamál á hendur honum og að hann hafi ekki notið þeirra réttinda sem honum ættu að vera tryggð samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. 6. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu. Hann byggir kæru sína einnig á 8. og 13. greinum sáttmálans.

SPURNINGAR TIL MÁLSAÐILA

1. Á 1. mgr. 6. greinar sáttmálans, að því er varðar sakamálahluta hennar, við um málsmeðferðina í máli þessu (sjá, m.a., *Ezeh og Connors gegn Bretlandi* ([GC] nr. 39665/98 og 40086/98, § 82, ECHR 2003-X)?
 - 1a. Sé svo, naut kærandi réttlátrar málsmeðferðar þegar kveðið var á um sök hans, í samræmi við 1. mgr. 6. greinar sáttmálans, (sjá, m.a., *Beuze gegn Belgíu* [GC], nr. 71409/10, §§ 120-122, 9. nóvember 2018)?
 - 1b. Nánar tiltekið, var brotið á rétti kæranda til að svara ekki spurningum og bera ekki á sjálfan sig sakir, með því að gera honum að bera vitni? Og naut hann þeirra réttinda sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. greinar sáttmálans?
2. Naut kærandi réttarins til þess að teljast saklaus þar til sekt er sönnuð, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. greinar sáttmálans (sjá t.d. *Allen gegn Bretlandi* [GC], nr. 25424/09, § 93, ECHR, 2013)?
3. Hefur réttur kæranda til friðhelgi einkalífs, í skilningi 1. mgr. 8. greinar sáttmálans, verið skertur (sjá, m.a., *Mikolajová gegn Slóvakíu*, nr. 4479/03, § 53-55 , 18. janúar 2011 og I [GC], nr. 39954/08, § 83, 7. febrúar 2012)?
 - 3.a Ef svo er, var sú skerðing í samræmi við lög og nauðsynleg skv. 2. mgr. 8. greinar sáttmálans?
4. Gat kærandi gripið til raunhæfra innlendra úrræða til að leita réttar síns í tengslum við kærur hans, eins og vísað er til í 13. grein sáttmálans (sjá t.d. *Lupeni Greek Catholic Parish og fleiri gegn Rúmeníu* [GC], nr. 76943/11, § 65, 29. nóvember 2016 (að því er varðar 6. grein) og *Voynov gegn Rússlandi*, nr. 39747/10, § 38, 3. júlí 2018 (að því er varðar 8. grein))?
5. Að lokum er ríkisstjórninni boðið að leggja fram enska þýðingu á niðurstöðum RNA, sem og endurrit á ensku með þeim ummælum fulltrúa RNA sem varða kæranda og viðhöfð voru í sjónvarpi og á blaðamannafundinum.

Upprunalegur texti: <http://hudoc.echr.coe.int/eng?i=001-196308>